

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um eignir og tekjur landsmanna árið 2020.

Frá Loga Einarssyni.

1. Hvert var eigið fé þeirra a) 5%, b) 1%, c) 0,1% landsmanna sem mest áttu árið 2020 og hvert var hlutfall eigin fjár þeirra af eigin fé allra landsmanna árið 2020? Hverjar eru sambærilegar tölur fyrir árin 1998–2019?
2. Hverjar voru heildareignir þeirra a) 5%, b) 1%, c) 0,1% landsmanna sem mest áttu árið 2020 og hvert var hlutfall heildareigna þeirra af heildareignum allra landsmanna árið 2020? Hverjar eru sambærilegar tölur fyrir árin 1998–2019?
3. Hverjar voru tekjur tekjuhæstu a) 5%, b) 1%, c) 0,1% landsmanna árið 2020, með og án fjármagnstekna, og hvert var hlutfall tekna þeirra af tekjum allra landsmanna árið 2020? Hverjar eru sambærilegar tölur fyrir árin 1998–2019?
4. Hvað áttu tekjuhæstu a) 10%, b) 5%, c) 1%, d) 0,1% landsmanna árið 2020 stóran hluta af annars vegar eigin fé landsmanna og hins vegar heildareignum landsmanna árið 2020? Hverjar eru sambærilegar tölur fyrir árin 1998–2019?

Skriflegt svar óskast.